

Öndverð sjónarmið

Þorvaldur Gylfason*

I. Andsaga og atburðarás

Ég birti fyrstu greinina mína um Ísland og Evrópusambandið í *Morgunblaðinu* 1987.¹ Rökin, sem ég tefldi fram, voru þessi: við þurfum ekki að hleypa fiskiskipum frá öðrum Sambandsþjóðum ókeypis inn í landhelgina, við skulum heldur selja þeim aðgang að fiskimiðunum, og það kemur sér vel fyrir okkur, ef aðrir geta veitt fiskinn fyrir okkur með minni tilkostnaði en við sjálf, og þá er helzta fyrirstaðan gegn inngöngu Íslands í Evrópusambandið úr sögunni. Enda þurfum við hvort sem er af gildum innanlandsástæðum að taka gjald af útgerðinni hér heima fyrir aðgang hennar að sameigninni í sjónum, svo að við sláum þá tvær flugur í einu höggi.

Ef allt hefði verið eins og það átti að vera, hefðu þeir tveir stjórnmalaflokkar, sem höfðu tekið fyrstu skrefin í átt að löngu tímabærri endurhæfingu og uppfærslu íslenzka efnahagslífs á viðreisnarárunum 1959-71 og markaðslausnir höfðu eftir það átt heldur greiðari aðgang að en öðrum flokkum, að taka þennan þráð upp og ljúka málinu á nokkrum misserum. Ég á við Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðuflokkinn, sem sátu þá – þetta var sem sagt 1987 – aftur saman í ríkisstjórn í fyrsta skipti síðan 1971, með Framsóknarflokki, enda hafa systurflokkar þeirra í öðrum Evrópulöndum, og raunar einnig systurflokkar Framsóknarflokksins, verið í fararbroddi Evrópumálsins annars staðar um Norðurlönd og sunnar og vestar í álfunni. Ef allt hefði verið með felldu, hefðu Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn lagt málið fyrir kjósendur 1991, myndað ríkisstjórn án Framsóknarflokksins að loknum kosningum það ár eins og raun varð á, haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um málið á kjörtímabilinu um líkt leyti og slíkar atkvæðagreiðslur fóru fram í fjórum öðrum EFTA-löndum, sannfært meiri hluta kjósenda um kosti þess að eiga samleið hinum EFTA-löndunum, haft sigur í atkvæðagreiðslunni, leitt Ísland inn í Evrópusambandið (ESB) 1995, þegar Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu inn, og skilið Norðmenn eina eftir fyrir utan auk Svisslendinga, sem höfnuðu jafnvel aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Hvers vegna skyldum við hafa þurft lengri tíma en Svíar til að leiða málið til lykta?

Atburðarásin varð önnur. Til þess liggja ýmsar ástæður, sem vert er að halda til haga. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu 1988, að Sjálfstæðisflokkurinn væri óhæfur til stjórnarsetu, ráku hann úr ríkisstjórninni án nýrra kosninga og tóku Alþýðubandalagið inn stjórnina í staðinn. Þar með var loku fyrir það skotið, að Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn gætu að sinni átt samleið í Evrópumálinu. Framsóknarflokkurinn og Alþýðubandalagið voru málinu andsnúin, svo sem við mátti búast, og Alþýðuflokkurinn sýndi ESB engan áhuga heldur fyrir kosningarnar 1991. Ég reyndi eftir því sem færi gafst að sannfæra nokkra forustumenn Alþýðuflokksins um nauðsyn þess að hafa hraðar hendur og setja Evrópumálið á oddinn fyrir kosningarnar 1991, en þeir færðust undan og báru því við, að Framsóknarflokkurinn hygðist reyna að hræða kjósendur með áróðri gegn ESB. Því fór sem fór. Alþýðuflokkurinn átti síðan veg og vanda af samþykkt aðildar Íslands að EES 1994 gegn harðri andstöðu. Það var í fyrsta lagi til að greiða fyrir því máli, að Alþýðuflokkurinn myndaði heldur ríkisstjórn með

* Höfundur er prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

¹ Evrópubandalagið og Ísland, *Morgunblaðið*, 16. október 1987. Ritgerðin er endurprentuð í bók minni *Almannahagar*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1990, 54. kafli, bls. 353-360.

Sjálfstæðisflokknum 1991 en Alþýðubandalaginu og Framsóknarflokknum, sem höfðu þá setið í stjórn með Alþýðuflokknum frá 1988.

Það er vert að rifja það upp, að aðild Íslands að EES var samþykkt á Alþingi með 33 atkvæðum af 63; tæpara gat það varla verið. Þrjátíu þingmenn greiddu ýmist atkvæði gegn aðildinni eða sátu hjá. Um það gat þó varla verið neinn skynsamlegur ágreiningur, að um brýnt framafaraskref væri að tefla, því að aðildin að EES snerist að langmestu leyti um skýran efnahagsávinning, án þess að miklu þyrfti að fórna á móti á stjórn málasviðinu. Enda blasir það nú við í bjarma sögunnar, að enginn einn atburður hefur átt meiri þátt í þeim umskiptum, sem orðið hafa á högum landsmanna undangenginn áratug. Aðildin að EES-samningnum hefur leyst úr læðingi áður bælda krafta, sem hafa lyft líf skjörum þjóðarinnar í nýjar hæðir. Ætla hefði mátt, að reynslan af aðildinni að EES hefði brýnt stjórn málaflokkana til að ganga skrefi lengra á sömu braut, alla leið inn í ESB, en það hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki mátt heyra nefnt fram á þennan dag, ekki frekar en Vinstri grænir. Málið er ekki enn komið á dagskrá í Sjálfstæðisflokknum. Eini stjórn málaflokkurinn, sem hefur umsókn um aðild að ESB á stefnuskrá sinni, er Samfylkingin, sem varð til úr Alþýðuflokknum, hluta Alþýðubandalagsins og fleiri smærri flokkum. Framsóknarflokkurinn hefur fjallað um málið á þingum sínum, en flýtir sér hægt. Þessi sérkennilega staða Evrópumálsins hér heima er svo frábrugðin landslagi stjórn mála í nálægum löndum, að hún kallar á staðbundnar skýringar.

II. Landslag og lýðræði

Tökum Noreg. Þar hafa allir helztu stjórn málaflokkar landsins nema systurflokkur Vinstri grænna hér heima lengi verið hlynntir inngöngu Norðmanna í ESB. Sama máli gegnir um ýmis helztu hagsmunasamtök Noregs, svo sem samtök vinnuveitenda og norska alþýðusambandið. Þess vegna var málið tvisvar lagt í dóm norsku þjóðarinnar, 1972 og 1994, og hún hafnaði aðild Noregs að ESB í bæði skiptin.

Stjórn málaflokkarnir og hagsmunasamtökin þurftu að láta í minni pokann fyrir fólkinu, og við því er ekkert að segja. Málið fékk lýðræðislega umfjöllun, og þjóðin fékk að ráða lyktum þess. Hér er ástandið þveröfugt. Skoðanakannanir Gallups og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hafa sýnt það með reglulegu millibili síðustu fimmtán ár, að meiri hluti kjósenda er yfirleitt hlynntur aðildarumsókn, þótt afstaða þeirra sé svolítið reikul og andstæðingar ESB-aðildar hafi náð meiri hluta annað veifið. En munstrið hefur eigi að síður verið ljóst gegnum tímann: meiri hluti kjósenda segist oftast vilja sækja um aðild, en hvorki stjórn málaflokkarnir – með einni undantekningu, sem er Samfylkingin – né hagsmunasamtök hafa hirt um að hlýða kallinu. Þjóðin hefur aldrei fengið að greiða atkvæði um málið. Hvers vegna ekki?

Lýðræði er tæki til þess að skera friðsamlega úr ágreiningi. Ef meiri hluti fólks í félagi vill eitt og minni hlutinn vill annað, fær meiri hlutinn jafnan að ráða. Þessi sjálfsagða lýðræðisregla hefur verið virt að vettugi hér heima í Evrópumálinu. Í staðinn hefur annarri miklu sjaldgæfari reglu verið beitt, án þess að hún væri rædd opinskátt: að leyfa þeim að ráða för, sem skemmst vilja ganga. Þessari reglu hefur ekki áður verið beitt við úrlausn mikilvægra mála á Íslandi, sannarlega ekki þegar aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) var á dagskrá 1949 eða aðildin að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) 1970 eða EES 1994. Ýmsar viðhorfskannanir hafa sýnt, að meiri hluti kjósenda Sjálfstæðisflokksins er hlynntur aðildarumsókn – og hvernig ætti annað að vera, þegar mestur hluti forustumanna atvinnulífsins að sjávarútvegi og landbúnaði undan skildum er hlynntur aðild? Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá öndverðu verið helzti stjórn málaflokkur vinnuveitenda, en með því að liggja á Evrópumálinu gengur hann eigi að síður gegn hagsmunum þeirra. Og ekki nóg með

það: Samtök atvinnulífsins, þar sem mikill hluti fyrirtækjanna er hlynntur aðild Íslands að ESB og upptöku evrunnar í stað krónunnar, hafa ekki heldur látið málið til sín taka. Minni hlutinn, sem er að miklu leyti bundinn við sjávarútveg, hefur fengið að halda málinu utan dagskrár allan þennan tíma. Sjávarútvegur stendur nú á bak við 7% landsframleiðslunnar (VLF, hlutfallið var 15% 1990), á meðan bankarnir og fjármálafyrirtækin standa á bak við næstum fjórðung framleiðslunnar, og samt fá útvegsfyrirtækin í reynd að ráða för í Evrópumálinu gegn hagsmunum bankanna og viðskiptavina þeirra, fólksins í landinu og fyrirtækjanna. Samtök iðnaðarins hafa þá sérstöðu meðal vinnuveitenda, að þau hafa líkt og systursamtök þeirra í öðrum löndum beitt sér fyrir umsókn um aðild Íslands að ESB og upptöku evrunnar.

Hvað um Alþýðusambandið? Ýmislegt bendir til þess, að margir þeirra, sem þar hafa mest ítök, séu fylgjandi aðildarumsókn Íslands, enda eru alþýðusambönd annars staðar um Norðurlönd sama sinnis hvert í sínu landi. Það blasir við, að matarverð og víns myndi lækka til muna við inngöngu Íslands í ESB, líkt og gerðist í Finnlandi og Svíþjóð, þegar þau lönd gengu inn, og vextir myndu einnig lækka, svo að vandséð er, að íslenskir launþegar eigi kost á mikilvægari kjarabót í einu vetfangi með öðru sniði. Ríkisstjórnin gæti lækkað vínverð með einu pennastriki, ef hún vildi, en hún hefur ekki hirt um það til þessa og mun varla skipta um skoðun, nema hún neyðist til þess fyrir tilstilli ESB, eins og raunin varð í Finnlandi og Svíþjóð. Hagræði neytenda fælist í því, að óhagkvæmur ofurtollur á víni viki fyrir hagfelldari tekjuöflun af öðru tagi. Tollar eru tímaskekkja og eru alls staðar á undanhaldi. Hvað um matarverð? Enn ólíklegra virðist, að ríkisstjórnin leggi í að tryggja neytendum raunverulega lækkun matarverðs á eigin spýtur, því að til þess þyrfti gagngerar umbætur í búnaðarmálum og umtalsverða breytingu á högum innlands landbúnaðar. Fyrirhuguð lækkun matarverðs næstu mánuði og misseri með lækkun virðisaukaskatts á mat nær ekki máli, því að lækkun virðisaukaskatts þarf að fjármagna annaðhvort með hækkun annarra skatta eða með lækkun ríkisútgjalda og minni þjónustu við almenning. Aðgerðin er því í reyndinni dulbúin niðurgreiðsla matvæla. Allt að einu hefur verklýðshreyfingin, hvort heldur Alþýðusambandið eða einstök verklýðsfélög innan vébanda hennar, ekki enn fengizt til að taka Evrópumálið upp. Málið sefur.

Hverju sætir þetta sinnuleysi verklýðsfélaga og einkum vinnuveitenda um brýna hagsmuni félagsmanna sinna? Hvers vegna taka þau ekki afstöðu til málsins í ljósi afmarkaðra hagsmuna síns fólks? – og láta stjórn málaflökkunum eftir að fjalla um fullveldishlið Evrópumálsins og önnur stjórn mála. Getur verið, að hagsmunasamtökin hugsi í reyndinni ekki fyrst og fremst um hag félagsmanna sinna, þegar til kastanna kemur, heldur dansi þau eftir falskri pípu stjórn málaflökkanna? Erum við að hlusta á eftirdrunur frá þeim tíma, þegar verklýðsfélögin og samtök vinnuveitenda hegðuðu sér nánast eins og landsmálafélög í flokkunum? – og stjórn málaflökkarnir höfðu öll ráð fólks og fyrirtækja í hendi sér, þeir ákváðu, hverjir fengu gjaldeyrisyfirfærslur, bankalán og byggingarleyfi og hverjir ekki, og annað var eftir því. Veldi stjórn málaflökkanna 1930-60 var reist á höftum og skömmun, sem áttu meira skylt við miðstjórn en markaðsbúskap. Frívæðing efnahagslífsins, sem hófst með viðreisninni 1959-71 og náði þá allt of skammt og hefur síðan haldið áfram með rykkjum og skrykkjum, þar sem mest munaði um verðtryggingu og frívæðingu vaxta 1984-86 og EES-samninginn 1994, virðist samt ekki hafa dugað til að leysa hagsmunasamtökin til fulls af klafa stjórn málaflökkanna og öfugt, þótt margt hafi að sönnu breytzt til batnaðar. Þessi bönd þarf að leysa.

Hampaminnst væri fyrir verklýðshreyfinguna að taka af skarið og fylgja fordæmi alþýðuhreyfingarinnar í nálægum löndum og mæla fyrir inngöngu Íslands í ESB til hagsbóta fyrir launþega, og þá gætu Samtök atvinnulífsins ekki verið þekkt fyrir

annað en að stíga sama skref til að verða ekki fyrir allra augum eftirbátur verklyðsfélaganna. Og þá hlyti Sjálfstæðisflokkurinn að taka við sér frekar en að lenda í opnu stríði við fyrirtækin í landinu. Framsóknarflokkurinn myndi væntanlega kveikja um svipað leyti líkt og miðflokkar annars staðar um Norðurlönd hafa löngu gert til að reyna að afla sér nýs fylgis í þéttbýli. Frjálslyndi flokkurinn virðist einnig líklegur til að hverfa fyrr en síðar frá andstöðu sinni við aðild Íslands að ESB, enda eru aðrir frjálslyndir flokkar álfunnar hlynntir aðild lands sinna að Sambandinu, ef þeir bera nafn með rentu. Á hinn bóginn er ekkert við það að athuga, að Vinstri grænir verði áfram andsnúnir aðild Íslands að ESB, enda eru skyldir flokkar í nálægum löndum einnig andvígir aðild lands sinna að ESB og upptöku evrunnar. Gangi þessi atburðarás eftir, má segja, að ágreiningurinn um Evrópumálið nú líkist að þessu leyti deilunum um aðildina að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma, þegar Sósíalístaflokkurinn einn (síðar Alþýðubandalagið) lagðist gegn inngöngu Íslands í NATO. Enda er Evrópumálið öðrum þræði utanríkismál.

III. Efnahagsmál eða stjórnmál?

Þessum tveim málum, Evrópumálinu og NATO-málinu, svipar einnig saman að öðru leyti. Spurningin um aðild Íslands að EES-samningnum snerist í fyrsta lagi um efnahagsmál, enda var EES-samningurinn þannig hugsaður og saman settur. Hann náði til dæmis ekki til landbúnaðarmála, sem miklir og viðkvæmir hagsmunir eru bundnir við, og í honum fólst ekki heldur að neinu marki krafa um framsal á pólitísku fullveldi, eða réttar sagt: í honum fólst ekki krafa um, að aðildarlöndin þyrftu að deila fullveldi sínu hvert með öðru umfram það, sem ætlast má til í síminnkandi heimi. Þetta var allt með ráðum gert, svo að EFTA-löndin gætu með sem léttustu lagi nálgazt ESB án þess að ganga alla leið inn í einu stökki. Svisslendingar einir fúlsuðu við þessu boði, enda voru þeir þá ekki einu sinni aðilar að Sameinuðu þjóðunum (þeir gengu þangað inn fáeinum árum síðar). Því er stundum haldið fram, að aðildin að EES-samningnum tryggi Íslendingum allan þann efnahagsávinning, sem hægt væri að hafa af ESB-aðild, en það er ekki rétt, svo sem ráða má af því, að landbúnaður var undan skilinn í EES-samningnum. Íslendingar geta vænt verulegs viðbótarávinninga af aðild að ESB, því að verð á mat og víni myndi lækka til muna við inngönguna, auk þess sem vextir myndu lækka verulega, ef Íslendingar tækju einnig upp evruna með því að ganga jafnframt í Efnahags- og myntbandalagið (EMB, e. *EMU*). Fleira hangir á spýttunni. Aðild Íslands að ESB og EMB myndi hafa umtalsverðar pólitískar afleiðingar í för með sér, og það er því að öllu leyti eðlilegt, að menn greini á um þær. Stjórnmál eru alltaf og ævinlega ágreiningsefni; það liggur í hlutarins eðli. Það er því í alla staði eðlilegt, að hagfræðinga og aðra greini á um gildi þess fyrir einstakar þjóðir að ganga inn í ESB. Að þessu leyti er spurningin um aðild Íslands að ESB í eðli sínu sambærileg við spurninguna um aðild Íslands að NATO á sinni tíð.

Málið er þetta. Efnahagsávinningurinn, sem fylgir auknum viðskiptum innan ESB innan ramma EES-samningsins, er margvíslegur og ótvíræður. Reynslan ber vitni. Eigi að síður hefur engum EES-þjóðum nema Íslendingum og Norðmönnum (auk Liechtenstein) þótt aðildin að EES-samningnum nægja meðal annars vegna þess, að hún veitir þeim engin bein áhrif á sameiginleg mál Sambandsins. Þess vegna ekki sízt gengu Austurríkismenn, Finnar og Svíar inn í Sambandið 1995. Við þetta er því að bæta, að þjóðmynt torveldar viðskipti, einkum ef hún er ekki gjaldgeng í öðrum löndum, þar eð menn þurfa sífellt að skipta henni yfir í myntir annarra þjóða. Þjóðmynt er því ígildi viðskiptahindrunar. Upptaka evrunnar og afnám einstakra þjóðmynta stuðla því að enn greiðari viðskiptum en ella með vörur, þjónustu, vinnuafli og fjármagn. Þess vegna þykir öllum ESB-þjóðunum nema Bretum, Dönum og Svíum

ekki nóg að vera í ESB, heldur eru þær einnig með í EMB með evrunni og öllu saman. Þjóðirnar tíu, sem gengu í Sambandið 2004, bíða þess allar með óþreyju að fá að taka upp evruna, en þær þurfa þó að bíða aðeins eftir því að koma verðbólgunni og öðru heima fyrir í viðunandi horf.

Með auknum viðskiptum dafnar efnahagslífið á hverjum stað enn frekar en áður, svo sem bæði rök og reynsla vitna um, og viðskipti efla frið. Um þetta er ekki lengur deilt, heldur hitt, að þessi efnahagsávinningur er keyptur því verði, að aðildarlöndin þurfa að rugla saman reytum sínum í ríkari mæli en áður. Hér munar mest um það, að 22 af 25 aðildarlöndum ESB hafa annað hvort tekið upp eða hyggjast taka upp evruna, sameiginlegan gjaldmiðil Sambandsins. Í þessu felst, að löndin afsala sér réttinum til að stýra peningamálum sínum sjálf og þau fela stjórn peningamála á hendur Seðlabanka Evrópusambandsins (SEB, e. ECB) í Frankfurt. Vextir á evrusvæðinu eru ákveðnir á sameiginlegum vettvangi Sambandsins, og sérþarfir einstakra landa (uppsveifla hér, niðursveifla þar) eru léttvægar fundnar. Fyllilega frjálst flæði fjármagns milli landa á Evrusvæðinu tryggir, að vextirnir þar eru alls staðar eins eða því sem næst. Með því að afsala sér sjálfstæðri peningastefnu til SEB fleygja aðildarlöndin frá sér möguleikanum á að bregðast við áföllum með því að breyta gengi gjaldmiðilsins, því að það er ekki hægt að breyta gengi gjaldmiðils, sem er ekki lengur til.

Við þetta bætist þörfin á því að samræma suma þætti stefnunnar í ríkisfjármálum, því að ella gætu einstök aðildarlönd hegðað sér eins og laumufarþegar. Sameiginleg fjármálastefna handa öllum aðildarlöndunum í senn hefur aldrei komið til álita, enda eru þarfir og óskir ólíkra landa ólíkar. Frökkum þætti það lakara að sjá á eftir skattfé sínu til að mynda í niðurgreiðslur handa dvínandi atvinnuvegum í öðrum löndum. Fengju Frakkar á hinn bóginn óskorað frelsi til að haga ríkisfjármálum sínum eftir eigin höfði innan myntbandalagsins, gætu þeir séð sér hag í að steypa ríkisbúskapnum hjá sér í skuldir. Til að draga úr hættunni á vanskilum skuldugra landa þykir EMB-löndunum heppilegt að gangast í gagnkvæmar ábyrgðir hvert fyrir annað, svo að hallarekstur til dæmis Frakka eykur þá einnig vaxtakostnað annarra bandalagslanda. Þannig getur ein þjóð varpað hluta lántökukostnaðar af eigin hallarekstri yfir á aðrar bandalagsþjóðir. Þess vegna hefur EMB talið nauðsynlegt að setja strangar reglur um leyfilegan hámarkshalla á fjárlögum (3% af VLF) og leyfilegar hámarksskuldir ríkisins (60% af VLF) að viðlögðum háum fjársektum. Tölurnar innan sviga greip EMB svo að segja úr lausu lofti á sínum tíma, en látum það vera, því að tilgangurinn er ljós. EMB-þjóðirnar leggja hömlur sem þessar hver á aðra með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Þetta þykir sumum vera frágangssök, og það er skiljanlegt sjónarmið, því að hér verður engum hagrænum mælikvörðum við komið til að taka af tvímæli. Þessi angi málsins snýst um stjórnsmál og teygir sig út fyrir afmarkaðan vettvang hagfræðinnar. Ef menn telja hvers kyns frelsisskerðingu vera frágangssök eða ef þeir telja tiltekna skerðingu á frelsi manna ganga of langt, er ekkert við því að segja.

Hugsum málið nánar. Efast nokkur um það, að mengunarvarnir útheimti sameiginlegar viðmiðanir og ákvarðanir margra landa í senn? – af þeirri ástæðu, að mengun spyr ekki um landamæri. Það er ekki einkamál Spánverja, hvort þeir losa eiturefni við landamæri Frakklands eða Portúgals. Lögregla er annað dæmi. Glæpamenn virða yfirleitt ekki landamæri, ekki frekar en mengun, og þess vegna þurfa ESB-þjóðirnar að koma sér upp sameiginlegum lögum og reglum um meðferð slíkra mála. Fáir nema mengarar og glæpamenn leggjast gegn slíkri samvinnu, þótt hún feli í sér skerðingu á frelsi einstakra þjóða í mengunar- og löggæzlumálum. Frelsisskerðingin í peningamálum og ríkisfjármálum, sem fjallað var um að framan, er

í eðli sínum sambærileg við frelsisskerðinguna í mengunar- og löggæzlumálum, en fyrr nefnda skerðingin vekur samt jafnan meiri tortryggni meðal almennings. Það stafar ef til vill af því, að peningamálin og ríkisfjármálin snerta fleira fólk og eru ofar á baugi stjórnmalanna en mengunarmál og löggæzlumál. Eitt af brýnustu verkefnum ESB er einmitt að draga á réttum stað mörkin milli sérmála, sem bezt er og eðlilegast að afgreiða á hverjum stað fyrir sig, og sameiginlegra mála, sem kalla á samstarf og sameiginlegar lausnir og meðfylgjandi afsal á rétti einstakra aðildarlanda til að grípa til eigin lausna eða láta allt reka á reiðanum. Þetta verkefni hefur ESB tekizt að leysa nokkuð vel hingað til á heildina litið, að mér sýnist, enda er hvergi uppi nein umtalsverð hreyfing innan einstakra aðildarlanda í þá veru að segja sig úr lögum við Sambandið. Eini umtalsverði óróinn, sem vart hefur orðið að undanfögnu, snýr að Ítalíu og EMB, en þar í landi þykir ýmsum, að sameiginleg peningastefna ESB sníði Ítölum of þröngan stakk. Það stafar ekki sízt af því, að stjórn ríkisfjármála á Ítalíu undangengin ár hefur einkennzt af gamalgrönu ábyrgðarleysi og léttúð, svo sem við var að búast í landi, þar sem forsætisráðherrann 2001-2006 hefur verið á stanzlausum flóttu undan réttvísinni og lét það verða sitt fyrsta verk, þegar hann hvarf úr embætti fyrir skömmu, að flytja lögheimili sitt í aðra heimsálfu til vonar og vara. Aganum, sem fólst í sameiginlegri peningastefnu EMB-landanna, var ætlað að koma böndum á stjórn ríkisfjármála á Ítalíu. Þess vegna auk annars ákváðu Ítalar taka upp evruna frá byrjun 1999, þótt þeir hefðu getað staðið fyrir utan eins og Bretar, Danir og Svíar.

IV. Andbárur og friður

Hverjar eru helztu andbárur þeirra manna, sem telja, að Íslendingar eigi að halda sér utan við ESB? Elías Mar rithöfundur talaði vafalítið fyrir munn margra, þegar hann lýsti þeirri skoðun í blaðaviðtali fyrir nokkru, að tilhugsunin um Spánverja inni í landhelginni væri frágangssök. Eins og ég lýsti í upphafi máls míns er hægt að leysa þennan vanda með vel útfærðu veiðigjaldi, enda hefur veiðigjald nú verið leitt í íslensk lög. Auk þess er hlutdeild sjávarútvegs – veiða og vinnslu – í landsframleiðslu Íslendinga komin niður í 7%, og hlutdeild útvegsins í gjaldeyristekjum er komin niður fyrir 40% og stefnir neðar, því að fiskurinn í sjónum er föst stærð (og fer raunar minnkandi, sumpart vegna ofveiði, en látum það vera) og hagkerfið vex óðfluga eins og sakir standa. Hlutdeild fastrar stærðar í ört vaxandi heild hlýtur að lækka hratt. Þessi staðreynd hefur legið fyrir allan tímann, sem hugsanleg aðild Íslands að ESB hefur verið til umræðu. Hvað þarf hlutdeild útvegsins eiginlega að minnka mikið í viðbót til þess, að hagsmunir annarra atvinnuvega og fólksins í landinu fái loksins að koma til álita í Evrópumálinu?

Hin höfuðandbáran er sú, að Íslendingum sé í sjálfsvald sett að ráðast í þær umbætur, sem aðild að ESB myndi færa Íslendingum, til dæmis í landbúnaðarmálum til að lækka verðið á matnum á borðum landsmanna, og enga þörf beri því til þess að ganga þangað inn, allra sízt í ljósi þeirrar frelsis- og fullveldisskerðingar, sem aðild að ESB og EMB með evrunni og öllu saman myndi kalla yfir Ísland. Þetta er rétt svo langt sem það nær. Við gætum gert þetta allt saman sjálf. Við gætum meira að segja gert betur. Vandinn er sá, að reynslan sýnir, að Íslendingar munu varla ráðast ótilkvaddir í allar nauðsynlegar umbætur, það er fullreynt. Markmiðið með því að deila fullveldinu með öðrum ESB-þjóðum er einmitt að vernda fólk og fyrirtæki gegn óprúttum innlendum sérhagsmunum: dreifa áhættunni. Þannig tókst Ítölum að brjótast út úr viðjum ítalska ríkissímafélagsins, sem bauð væntanlegum símnótendum að taka sér stöðu á margra ára biðlista, þar til hörð samkeppni við önnur ESB-lönd þvingaði Ítala til að taka sig saman í andlitinu. Til þess var leikurinn gerður. Við þurfum með líku lagi á EES-samningnum að halda til að skapa þær leysingar í

Íslensku efnahagslífi, sem hafa ásamt skuldasöfnun þjóðarbúsins í útlöndum verið helzti aflvaki uppsveiflunnar hér heima undangengin ár. Ellegar hefði til dæmis einkavæðing bankanna dregið enn lengur en raun varð á. Ég birti fyrstu greinina mína nauðsyn einkavæðingar viðskiptabankanna í *Morgunblaðinu* 1987,² en málið dróst von úr viti vegna þess, að miklir innlendir stjórnmalahagsmunir voru bundnir við ríkisbankarekstur. Hagurinn af einkavæðingu bankanna var ljós fyrir fram, og reynslan hefur tekið af tvímæli um hann, en það þurfti þrýsting að utan – kvöðina um frjáls viðskipti með fjármagn – til að sigrast á andstöðunni heima fyrir. Sumir hefðu heldur kosið óbreytt ástand, en þeir voru í minni hluta og urðu að virða skoðun meiri hlutans. Við þurftum EES-samninginn einnig til að innleiða ný samkeppnislög og horfast síðan í augu við meint verðsamráð olíufélaganna. Við hefðum getað sett þessi lög á eigin spýtur, en við gerðum það ekki. Það er kjarni málsins.

Evrópusambandið er í fyrsta lagi friðarsamband. Einn helzti tilgangur Sambandsins er að innsigla varanlegan frið í Evrópu og meðfylgjandi hagsæld. Enginn Evrópubúi getur staðin ósnortinn frammi fyrir svo miklu ætlunarverki. Íslendingar eiga að láta Evrópu til sín taka. Við hefðum ekki átt að standa fyrir utan, þegar löndin í Mið- og Austur-Evrópu voru boðin velkomin á ný inn í meginstraum evrópsks mannlífs 2004 eftir allt, sem á undan var gengið. Við hefðum átt að vera í móttökunefndinni. Hvernig kemst ég að þessari niðurstöðu? Sannarlega ekki með útreikningum. Afstaða mín til aðildar Íslands að NATO og Sameinuðu þjóðunum hvílir ekki heldur á útreikningum. Ég er að tala um stjórnmal, um viðeigandi félagsskap handa Íslendingum. ESB er allsherjarsamband Evrópuríkja. Þar á Ísland heima. Jafnvel þótt ég kæmist að þeirri niðurstöðu með reikningi, að kostnaðurinn við aðild Íslands að ESB væri meiri en ávinningurinn, innan hóflegra marka, væri ég samt sem áður þeirrar skoðunar, að Íslendingar eigi að ganga inn. Reyndar lít ég svo á, svo sem ég hef lýst í mörgum ritgerðum og greinum, að ávinningurinn sé að mestum líkindum meiri en áhættan, því að það er í mínum huga kostur – ekki galli – að mega í síminnkandi heimi deila fullveldi Íslands með öðrum Evrópuþjóðum. Ég virði skoðanir þeirra, sem líta málið öðrum augum. Við skulum leysa málið með rökræðum og þjóðaratkvæðagreiðslu eins og gert var í Austurríki, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þannig fara lýðræðisríki að því að jafna ágreining. Hver fullveðja Íslendingur hefur eitt atkvæði.

² Ríkisbankarekstur, *Morgunblaðið*, 14. ágúst 1987. Ritgerðin er endurprentuð í bók minni *Almannahagur*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1990, 30. kafli, bls. 215-222.